



Golfklúbbur Suðurnesja (GS) heldur úti öflugu barna-, unglunga- og afreksstarfi í 10 mánuði á ári. Iðkendur stunda æfingar frá nóvember og fram í lok september ár hvert. Yfir vetrartímamann fara æfingar fram í gömlu slökkvistöðinni en yfir sumartímamann í Leirunni. Í þessum töluðu orðum erum við að klára að standsetja nýjan golfhermi í aðstöðunni okkar og einnig hefur verið lagt nýtt gervigras af fullkomnustu á púttisalinn og bæði herma herbergin. Mig langar að þakka Reykjanesbæ fyrir að fjármagna grasið.

Nokkrir iðkendur GS sóttu mótaraðir Golfsambands Íslands, Unglingamótaröðina, Áskorendamótaröðina og Stigamótaröð GSÍ fyrir fulloröna. GS á 15 leikmenn á stigalistum GSÍ árið 2022 og er það mesti fjöldi í nokkuð mörg ár.

Þessar mótaraðir eru gríðarlega góður vettvangur til þess að þróa sig og bæta sem kylfing og keppa meðal þeirra bestu. Það er okkar von að iðkendum GS muni fjölga á mótaröðunum á næsta ári og að árangurinn verði enn betri en í ár.

## Kylfingar ársins

**Fjóla Margrét er kvenkylfingur ársins hjá Golfklúbbi Suðurnesja.**

Fjóla Margrét átti gott tímabil og lækkaði forgjöf sína úr 4,2 og í 2,1. Fjóla Margrét var valin í landsliðshóp Íslands á árinu og keppti hún fyrir Íslands hönd á opna breska unglíngamótinu þar sem hún náði í sína fyrstu reynslu á alþjóðlegum vettvangi.

Fjóla átti gott tímabil hér heima, en hún endaði meðal annars í 2. sæti á stigalista GSÍ í flokki 15-16 ára, varð Íslandsmeistari í holukeppni stúlkna

15-16 og síðast en ekki síst Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ 21 árs og yngri.

### **Logi Sigurðsson er karlkylfingur ársins hjá Golfklúbbi Suðurnesja.**

Logi átti sitt langbesta tímabil á sínum ferli og lækkaði hann forgjöf sína úr 0 og niður í +1.5. Logi spilaði bæði á unglínga- og stigamótaröð GSÍ og eftir sumarið endaði hann sem stigameistari 19-21 árs með miklum yfirburðum enda sigraði hann á 2 mótum, varð Íslandsmeistari í högggleik og í 3. sæti á Íslandsmóttinu í holukeppni. Í september átti hann svo stóran þátt í að sveit okkar 19-21 árs varð Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ.

Unglingasveit GS undir 16 ára endaði í 4. sæti af 15 sveitum sem er frábær árangur miðað við 11 sæti í sama móti í fyrra og greinilega mikið bæting kylfinga í þessu liði.

Barnasveit GS undir 12 ára spilaði í bláu deildinni þar sem liðsforgjöfin var mjög jöfn. Hún gerði sér lítið fyrir og sigraði alla leikina og þar með deildina.

Sameiginleg sveit GS/GO 21 árs og yngri varð svo Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ eftir glæsilega spilamennsku. Sveitina skipuðu Fjóla Margrét, Logi og Sveinn Andri frá GS, og Axel Óli Sigurjónsson GO.

Það má segja að íþróttastarfið árið 2022 hafi gengið mjög vel og í raun það langbesta síðan undirritaður hóf störf fyrir GS. Það sem stendur uppúr að mínu mati er tvennt. Annað er að alls unnust 3 Íslandsmeistara titlar þetta árið (Logi, Fjóla og sveit U21) og hitt að er að allar sveitir GS munu spila í efstu deild að ári. Frábær árangur hjá sveitunum okkar.